

fögnuð þeirra hafði aukið, trega tímum og söknuði. Loks skildist mönnum, og furðaði það stórum, að lífið er ekki eintómur fögnuður, og enn fremur, — að þráðurinn, er Brahma gat um, er snúinn af tveim systurum, — önnur þeirra brosir við snælduna, þá hún snýr — hin grætur.

Þeir komu því með áklaganir fyrir Vishnú—: „Drottinn! Þetta líf er fullt trega . . . Lífið er fullt grimmdar og skelfinga!“

En hann svaraði: „Leitið trausts hjá kærleikanum.“ Þeir snéru á brott ánægðir. Kærleikurinn deyfði sorg og trega. Fögnuður sá, er hann veitti, létti undir með baráttunni við þrautirnar. En kærleikurinn jók einnig framþróun lífsins, og þótt land Vishnú væri mikið, þrutu brátt ávextir skógarins, hunang býflugnanna — fæðuföng manna.

Felldu þá þeir hyggjarni tré skógarins, ræktuðu landið, sáðu og uppskáru.

Þannig varð iðnaðurinn til, og innan skamms tóku allir þátt í honum, því lífið varð ekki eingöngu honum háð, heldur og í mynd hans og tilvera. En erviðinu fylgdi áreynsla, og hvoru tveggja fylgdi þreyta. — Á ný stigu neyðaróp manna upp að hásaeti Vishnú.

„Drottinn!“ báðu þeir með upplýftum höndum, „vér erum beygðir af ánaud. Bein vor brenna í líkama vorum, vér þráum hvíld. Lífið þröngvar oss til erviðis.“

„Hinn mikli Brahma býður mér, að hafa engin atskifti af ævikjörum yðar,“ svaraði Vishnú, „en eg skal tilbúa yður það, sem veitir yður hvíld og frið.“

Og hann lét svefn falla á þá.

Þessari nýju náðargjöf tóku menn með miklum fögnuði. Í svefni gleymdust allar áhyggjur og mein. Útfjaraður þróttur óx á ný. Sem vinföst móðir þerrði svefninn öll sorgartár af augum sofendanna, og faldi þá í ómínnisslæðum húms og nætur.

Svefninn lofuðu menn mjög—: „Lofaður sértu um eilífið, — þú ert vökunni og virkilegleikanum meiri, ó, lífenda líkn!“

Eins var þó vant. Svefninn var ekki eilífur. Hvað beið þeirra, er þeir risu á fætur? Nýjar þjáningar, áhyggjur, hvíldarlaust erviði. Þetta fékk svo á þá, að enn á ný, í hið þriðja sinn, gengu þeir fyrir hið alskygna auglit Vishnú.